

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2006

frá 2. júní 2006

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1737/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1726/1999 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakostnað ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1738/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1916/2000 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakerfi ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19u (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005):
„19v. **32005 R 1708**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96):
„– **32005 R 1708**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 103, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 32.

3. Eftirfarandi bætist við í lið 18e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999):

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 1737**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1737/2005 frá 21. október 2005 (Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 11).“

4. Eftirfarandi bætist við í lið 18db (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2000):

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 1738**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1738/2005 frá 21. október 2005 (Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1708/2005, 1737/2005 og 1738/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.